

4. Ágreiningsefni:

Gera skal skilmerkilega grein fyrir ágreiningi aðila:

5. Kröfur og rökstuðningur:

Upptalning á kröfum álitsbeiðanda og rökstuðningur fyrir þeim:

6. Listi yfir meðfylgjandi gögn:

Upptalning á meðfylgjandi gögnum, t.d. fundargerð húsfundar, eignaskiptayfirlýsingu, teikningum, bréfaskiptum aðila:

Staður og dagsetning

Undirskrift álitsbeiðanda

Leiðbeiningar

um útfyllingu eyðublaðsins

- Áður en kærunefnd tekur mál til meðferðar þarf það að hafa hlotið afgreiðslu innan húsfélags. Sé álitshafi ekki búinn að fá afgreiðslu húsfélags á máli vísar nefndin málinu frá.
- Tilgreina verður gagnaðila, enda á hann lögvarinn rétt til að tjá sig um mál.
- Gera verður skýra kröfu um tiltekna niðurstöðu varðandi hvert ágreiningsatriði. Kærunefnd veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar heldur tekur afstöðu til krafna aðila.
- Með álitshafi verða að fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál, svo sem afrit af fundargerðum húsfunda, teikningar af húsi, eignaskiptayfirlýsing, bréfaskriftir aðila o.s.frv.

Upplýsingar um kærunefnd fjöleignarhúsamála

- Hlutverk kærunefndar er að fjalla um hvers konar ágreining milli eigenda fjöleignarhúsa sem varðar réttindi þeirra og skyldur samkvæmt lögum um fjöleignarhús. Um nefndina er fjallað í 16. gr. a, 22. gr. a og 79.-80. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
- Eigendum fjöleignarhúsa, einum eða fleirum, er heimilt en ekki skylt að leita til nefndarinnar með ágreiningsefni sín.
- Nefndin er skipuð af félagsmálaráðherra. Nefndarmenn eru þrír og eru tveir þeirra lögfræðingar og sá þriðji sérfróður um byggingarmálefni. Einn nefndarmaður er skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu en tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.
- Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði og er málsmeðferðin því aðilum málsins að kostnaðarlausu.
- Álit nefndarinnar eru skrifleg og rökstudd og skulu að jafnaði veitt innan tveggja mánaða frá því að erindi barst nefndinni.
- Niðurstöðu nefndarinnar verður ekki skotið til annars stjórnvalds en meðferð nefndarinnar á ágreiningsefni eða álit hennar á því hindrar aðila á engan hátt í að leggja mál sitt fyrir dómstóla.
- Álitshafi kærunefndar eru gefnar út í ársskýrslu nefndarinnar og einnig birtar jafnóðum á heimasíðu félagsmálaráðuneytis. Nöfn einstaklinga og heimilisföng koma ekki fram við opinbera birtingu. Frá þessu er gerð sú undantekning að götuheiti og húsnúmer koma fram ef málið fjallar um hugtakið hús, þ.e. hvort sambygging teljist eitt hús eða fleiri í skilningi laga um fjöleignarhús.